

34. fundur Fræðslu- og menningarnefndar miðvikudaginn 26.ágúst 2009

Fundur settur kl. 17.30 í Grunnskólanum á Bakkafirði

Mættir: Guðni Hauksson, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, Soffía Björgvinsdóttir, Víkingur Jónsson, Heiðrún Óladóttir, María Guðmundsdóttir, Mirjam Blekkenhorst, Rósa Magnúsdóttir og Hilma Steinarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1.mál Skýrsla Heiðrúnar Óladóttur skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn.

- Nýir kennarar kynntir. Vala Tryggvadóttir verður með umsjón yfir 1. og 2. bekk, Lárus Már Björnsson með umsjón yfir 8. bekk, Stefán Jónasson með umsjón yfir 9. bekk. Aðrir umsjónarkennarar eru Hanna Margrét með 3. bekk, Hrafngerður Ösp með 4. og 5. bekk og Hilma Steinarsdóttir með 6. og 7. bekk.
- Farið yfir skóladagatal. Nefndin samþykkir skóladagatal Grunnskólans á Þórshöfn. Foreldrar og nemendur fá skóladagatal afhent á morgun, einnig fer það á heimasíðu Grunnskólans.
- Nemandafjöldi er 85.

2. mál Skýrsla Maríu Guðmundsdóttur skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði.

- Farið yfir skóladagatal. Nefndin samþykkir skóladagatalið en heldur þeim möguleika opnum að heimild fái til að 1.-4. bekkur ljúki skóla fyrr um vorið.
- Starfsmannamál. Nýr kennari er kominn til starfa, Petra Hólmgrímsdóttir.

- Nemendafjöldi er 16.

3.mál Skýrsla Rósu Magnúsdóttur skólastjóra Leikskólans á Bakkafirði.

- Kynning á skólastarfi. Engin breyting er á starfsfólki. Starfsfólk fór á haustþing í ágúst. 5 ára börn verða í skólahóp í vetur eins og verið hefur. Rósa velti upp hugmynd um að tónlistarkennarinn kæmi aðeins inn í leikskólann í vetur.
- Nemendafjöldi er 8.

4.mál Reglugerð um skólaráð kynnt og skólastjórum falið að skoða málið.

Önnur mál

- Mirjam kom athugasemdum á framfæri fyrir hönd foreldrafélagsins um skólabyrjun á morgnana. Óánægja hefur komið fram vegna þess að skóli byrjar kl.8.10 en ekki kl. 8.00.
- Hugmynd kom upp um að bæta við einni bekkjardeild við Grunnskólann á Bakkafirði næsta vetur þar sem bekkurinn er fjölmennur og skólahúsnæðið á Þórshöfn nú þegar of lítið. Nemendur sem nú eru í 7. bekk yrðu þá áfram í 8. bekk á Bakkafirði. Maríu falið að skoða málið, kosti þess og galla.

Fundi slitið kl.19.35. Fundargerðin er 2 bls.